

Ræða Jóns Karls Ólafssonar formanns Ví á ráðstefnu á Reyðarfirði 24. maí 2005.

lönaðar- og viðskiptaráðherra, ráðstefnustjóri, góðir fundarmenn,
Það er mjög ánægjulegt og ég vil þakka fyrir þetta tækifæri til að vera hér fyrir austan á þessari ráðstefnu, til að ræða um hvort Austurland geti verið vaxtarsvæði framtíðarinnar hér á landi. Er Austurland samkeppnishæft? – Þetta er spurningin sem ég mun fjalla um í þessu erindi. Stuttu svarið gæti verið einfalt já – og þá þarf ræðan ekki að verða mikið lengri! Að sjálfsögðu er málið ekki svona einfalt, tækifærin eru mörg, verkefnin einnig og það er rétt að staldra við og skoða þessi mál gaumgæfilega.

Atvinnulíf hefur verið nokkuð einhæft á Íslandi.

Það má segja, að atvinnulíf utan höfuðborgarsvæðis á Íslandi hafi einkennst af nokkurri einhæfni á undanförunum áratugum. Fiskveiðar og fiskvinnsla hafa verið undirstaða á mörgum svæðum og aðrar atvinnugreinar hafa ekki vaxið að marki, fyrr en á seinustu misserum. Eitt af því sem einkennir vaxandi samfélög, er fjölbreytt atvinnulíf, þar sem íbúum gefst tækifæri til að byggja upp mismunandi þekkingu og fjölbreytni í vinnu. Því hefur verið haldið fram, að það sem ráði mestu um byggðarþróun landa, séu góðar samgöngur, menntun og fjölbreytni í atvinnulífi. Ég held að það sé mikið til í þessu og því mun aukin fjölbreytni hér á svæðinu skapa mörg sóknarfæri, sem unnt verður að nýta ef rétt er haldið á spöðum.

Þrjár stoðir atvinnulífs.

Það er ljóst, að með þeim framkvæmdum sem nú eru í fullum gangi hér, munu stoðir atvinnulífs verða að grunni til þrjár eftir að framkvæmdum lýkur. Sjávarútvegur mun að sjálfsögðu áfram skipa veigamikinn sess í atvinnuuppbyggingu á svæðinu, þó að hlutur hans muni líklega færast niður frá

Því sem áður var. Erfiðlega hefur gengið að manna fiskvinnslu með innlendu vinnuafli og það verður væntanlega ekki breyting á því á næstu misserum. Iðnaðarframleiðsla mun væntanlega verða mjög stór hluti eftir að álverið verður komið í fullan gang. Hér er bæði átt við álvinnsluna sjálfa, en ekki síður ýmsan iðnað, sem tengjast mun starfsemi á svæðinu. Það er kannski erfitt að átta sig á því hve mörg ný störf muni skapast hér á svæðinu þegar vinnsla verður komin á fullan kraft. Gert er ráð fyrir að rúmlega 400 stöðugildi vinni við álverið sjálft, en síðan gera spár ráð fyrir að jafnvel jafnmörg eða fleiri afleidd störf skapist vegna starfseminnar. Það er því ljóst, að iðnaður mun skipa mjög veglegan sess í atvinnuuppbyggingu á svæðinu í framtíðinni. Þriðja stoðin verður síðan væntanlega og vonandi ferðapjónusta, sem hefur verið að vaxa mjög hér á landi á undanförunum árum. Þar eru mikil sóknarfæri og aukin umsvif og uppbygging á svæðinu í heild mun líklega skapa enn frekari möguleika fyrir ferðapjónustuna. Ég mun fjalla nánar um ferðapjónustuna seinna í erindinu.

Blómaskeið eða hnignun ?

Stundum eiga sér stað breytingar í samfélögum, sem leiða annað hvort til blómaskeiða eða hnignunar. Austurland er líklega á slíkum tímamótum einmitt núna. Það eru mýmörg tækifæri fyrir samfélagið hér fyrir austan, að verða hugsanlega eitt af kraftmestu atvinnusvæðum við Norður Atlantshaf. Það er hinsvegar töluvert í höndum Austfirðinga hvernig til tekst með uppbyggingu hér og hvort þau tækifæri, sem felast í tæknivæddum iðnrekstri í þessu samfélagi verði nýtt til fulls.

Þrjú atriði, sem einkenna árangur svæða

Auðvitað eru það mörg atriði sem hafa áhrif á það hve góður árangur næst í uppbygginu atvinnu- og mannlífs á svæðum. Sum þessara atriða hef ég þegar nefnt – eins og menntun, samgöngur og fjölbreytni í atvinulífi – en auk þess verður að nefna hluti eins og framboð á menningu, sem hefur gífurleg áhrif á líf

fólks. En hvað þarf Austurland að gera til að ná sömu einkennum og til dæmis svæði eins og Sílikondalur í Kaliforníu í Bandaríkjunum. Mig langar að reifa hér 3 atriði sem talin eru einkenna árangursrík atvinnusvæði og eru að hluta kynnt í bókinni “A Future perfect” eftir m.a. einn af ritstjórum The Economist:

1. Endurnýjun og ungt fólk

Svæðið þarf reglulega að endurnýja sig og ungt fólk þarf að vera fjölmennt og áberandi. Besta leiðin til þess, er augljóslega að efla menntun á svæðinu og gera fjölskyldum kleift að búa hér. Stefán Ólafsson lektor hefur lagt á það áherslu í sínum rannsóknum á búsetuþróun á Íslandi, að mestu skipti að búa fólki nútímalegt umhverfi. Það þýðir ekki einungis að heilsugæsla sé til staðar eða að góðir skólar standi til boða í nágrenninu. Það er einnig reiknað með að fyrsta flokks þekking, þjónusta og menningarstarf sé til boða á svæðinu og reynt er að líkja eftir samkeppnisumhverfi á þessum sviðum sem og öðrum. Ég tel að Austurland ætti alvarlega að skoða, að auka samkeppni milli grunnskóla og að bjóða jafnvel út rekstur grunnskóla. Besta leiðin til að styrkja grunnskólamenntun, er að innleiða samkeppni og það má gera án þess að notendur þjónustunnar þurfi að greiða fyrir hana.

2. Mistök eru talin jafn eðlileg og sigrar

Við Íslendingar höfum lengi átt í basli með að átta okkur á því, að til þess að ná árangri kunnum við að missa fótanna af og til. Í Sílikondal hefur sem dæmi verið mun algengara að fyrirtæki fari á hausinn, en að þau nái árangri. Þar þykir það jafn sjálfsagt og eðlilegt að tilraunir takist ekki eins og að þær takist. Segja má að þetta sé spurning um viðhorf, sem verða hvergi sett í bækur eða reglugerðir, en eru mikilvægar til að svæði fái þrífist. Í svona þjóðfélagi er öfundin **ekki** einn helsti drifkrafturinn og fólk sefur vel yfir velgengni annarra.

3. Engin vandamál – einungis tækifæri

Það er ekkert launungarmál að umræða um atvinnumál utan Suðvesturhornins hefur oft einkennst af vissu vonleysi, þar sem vandamálin yfirgnæfa þau tækifæri sem alls staðar er að finna. Það sem gerir umræðu um framtíð Austurlands svo spennandi um þessar mundir er að þar hefur klárlega vending átt sér stað; nú er ekki horft til ríkisins um uppbyggingu atvinnulífs, Byggðasjóðir heyrast vart nefndir og framtíðin er full af tækifærum í stað vandamála. Þessi breyting er kærkomin, en það þarf að hlúa að henni. Þessi fundur í dag er gott dæmi um þessa breytingu á hugsunarhætti sem mér hefur verið tíðrætt um.

Ferðaþjónustan er vaxtarbroddur.

Góðir fundarmenn.

Eins og flesta grunar líklega, þá hef ég sérstakan áhuga á ferðaþjónustu og uppbyggingu hennar hér á landi. Þetta er bæði vegna starfa hjá ferðaþjónustufyrirtækjum í gegnum árin, en ekki síður vegna starfa á vettvangi SAF, sem eru Samtök fyrirtækja í ferðaþjónustu. Það er ljóst, að ferðaþjónusta hér á landi er tiltölulega ung atvinnugrein, sem hefur vaxið mjög hratt og jafnvel mun hraðar en hjá flestum nágrannasjóðum okkar. Vonir okkar allra er að ferðaþjónusta geti vaxið hratt áfram á næstu misserum og hafa stjórnvöld, sem og fyrirtæki rætt um tvöföldun á næstu 10-12 árum. Það er þó ýmislegt sem verður að gerast áður en slíkt verður að veruleika. Samstaða fyrirtækja og annarra aðila í ferðaþjónustu skiptir hér gífurlega miklu máli. Við erum ekki stærsti áfangastaður í heimi og ferðamenn standa ekki beint í röðum eftir að koma í heimsókn til okkar. Markaðssetning skiptir höfuðmáli og þar verðum við að efla mjög samstarf og samstöðu allra til að rödd okkar megi heyrast sem víðast. Við erum í harðri samkeppni við aðra áfangastaði, sem flestir eru mun stærri en við og nota mikla fjármuni til að kynna sig og ágæti sitt. Við höfum hins vegar verið nokkuð sundruð í okkar markaðssetningu – samstarf hefur verið lítið jafnvel innan landsvæða og samstaða hefur jafnvel ekki náðst um að koma fram í einu lagi á stórum ferðasýningum erlendis ! Vöruþróun hefur ekki verið nægilega ör og við höfum ekki náð að byggja upp og selja sérstöðu mismunandi

landsvæða hér á landi. Fyrirtækin í greininni eru oft mjög smá og arðsemi hefur ekki verið nægilega góð. Allt hljómar þetta nú hálfneikvætt, en ég vil frekar líta svo á að hér séu gífurleg tækifæri á ferðinni !

Sérstaða svæða er lykilatriði !

Við verðum að tryggja áhuga fjárfesta á ferðaþjónustu, til að tryggja áframhaldandi uppbyggingu, bæði í afþreyingu sem og í byggingum og tækjum. Okkur hættir nokkuð til að snúa umræðu um afleiðingar ferðaþjónustu, frekar en um orsakir hennar. Afleiðingar eru flug, hótél, bílar og annað sem ferðamenn nýta sér í dvöl hér á landi. Orsakir ferðarinnar eru hins vegar aðrar – ástæða þess að ferðamenn ákveða að ferðast til staðar er önnur – hvort sem það er náttúra, afþreying eða eitthvað annað. Fjárfestingar á þessu sviði hafa verið litlar. Framtíð ferðaþjónustu á Austurlandi mun byggjast á því að sérstaða svæðisins verði notuð til að byggja upp afþreyingu eða aðrar vörur, sem munu hvetja ferðamenn til að dvelja á svæðinu til að upplifa það sem þar stendur til boða. Hér hafa menn mjög margt, sem telja má til sérstöðu. Hvað eru menn að gera til að selja hreindýr og afurðir í kringum þau ? Hvað með hrikaleg árgljúfur sem verða aðgengileg vegna virkjanaframkvæmda ? Hvað með firðina og verslunarsögu þeirra ? Möguleikarnir eru gríðarlega miklir, en til að unnt verði að nýta sér þá verður að efla mjög samstöðu á svæðinu og vinna með öðrum að markaðssetningu Íslands sem áhugaverðs áfangastaðar.

Verslunarráð Austurlands

Í hugmyndum Michaels Porters um uppbyggingu klasa fyrirtækja hefur hann lagt á það áherslu, að samkeppnishæf svæði þurfi á traustum þekkingarinnviðum að halda. Þessir þekkingarinnviðir eru auk skóla á grunn- og háskólastigi, stofnanir á borð við þekkingarbanka og ýmis samtök fyrirtækja. Þessir aðilar styðja við bakið á svæðinu með umræðum, fyrirtækjatengslum og nýjum hugmyndum. Verslunarráð Íslands vill hér taka frumkvæði og setja á laggirnar Verslunarráð

Austurlands og hefur rætt það við forystumenn nokkurra fyrirtækja á svæðinu. Verslunarráðið hafa alls staðar haft þau einkenni að það sækir fram, en dvelur ekki við vandamál fortíðar. Það er mjög í anda þess sem nú er að gerast hér á Austurlandi.

Austurland samkeppnishæft á alþjóðavísu ?

Ljóst er að eftir því sem hagur Austurlands vænkast, því meiri líkur eru á því, að svæðinu gagnist best almennar umbætur, sem geta gert svæðið samkeppnishæft á erlenda vísu. Það er ekkert launungarmál að tilfinningin hefur verið sú, að hér hafi áður fyrr verið lögð megináhersla á ýmis sérmál svæðisins, byggðastefnu og sértæk atvinnumál. Almenn umbótamál hafa hins vegar frekar verið talin verkefni þeirra fyrir sunnan. Það sem Verslunarráð Íslands telur mjög spennandi við þá uppbyggingu sem fram fer hér á Austurlandi, er að fleiri aðilar sameinast um þau umbótamál, sem varða allt landið og þá sérstaklega kraftmikil atvinnusvæði, sem skynja að þau eiga fullt erindi í alþjóðlega samkeppni. Álver er nú fyrst og fremst reist á Austurlandi vegna þess að rekstrarumhverfi á Íslandi er gott og traust. Hér eru skattar tiltölulega lágir og sveigjanleiki einkennir rekstrarumhverfi fyrirtækja. Nú viljum við eignast fleiri samherja hér, sem annars staðar til að koma róttækum hugmyndum áleiðis, sem geta styrkt atvinnulífið allt og líf skjör í landinu.

Minni ríkisumsvif – sparnaður í ríkisrekstri.

Á Viðskiptaþingi í fyrra kynnti Verslunarráð Íslands ýmsar nýjar hugmyndir um minni ríkisumsvif og sparnað í ríkisrekstri. Við viljum eiga samherja hér varðandi þessar hugmyndir; samherja sem trúa því að það sé okkur öllum fyrir bestu að ráðdeild sé í fyrirrúmi í ríkisrekstrinum. Við viljum einnig eiga samherja í því að fækka ríkisstofnunum og um leið að hvetja athafnafólk hér til þess að bjóðast til að taka yfir þjónustu, sem ríkisstofnanir hafa haft með höndum hvar sem er á landinu og gera það með hagkvæmari hætti en nú er.

15% landið Ísland

15% landið Ísland var yfirskrift Viðskiptaþingsins í ár og vísar til hugmynda Verslunarráðs um að Ísland skipi sér í raðir framsæknustu þjóða í heimi á sviði skattamála. Hugmyndir okkar snúa að því, að bjóða einfalt og skiljanlegt skattkerfi sem hvetur alla menn til dáða en letur þá ekki. Grunnhugmyndin að baki tillögum okkar í skattamálum er að einfalda verulega íslenskt skattkerfi. Að mati ráðsins á umræða um aðgerðir í skattamálum, að miðast við það að einfalda kerfið og gera það skýrara, en alls ekki að flækja það enn frekar. Styrkur lítils lands eins og Íslands liggur meðal annars í því að hér eru boðleiðir stuttar og embættismannakerfið er lítið og tiltölulega skilvirkt. Ísland getur boðið upp á gott og einfalt skattkerfi, þar sem skatthlutföll eru lág, reglur eru gegnsæjar og undanskot óveruleg. Ég veit að í þessum efnum eigum við samherja í öflugu atvinnulífi hér fyrir austan.

Austurland getur verið mjög samkeppnishæft !

Góðir fundarmenn.

Snúum okkur þá aftur að upphaflegu spurningunni – er Austurland samkeppnishæft ? Að mínu áliti er svarið nokkuð augljóslega jákvætt - ef menn nýta sér að fullu þau tækifæri sem skapast með þessari miklu uppbyggingu. Ég tel að það muni ekki gerast af sjálfu sér og það er mikil vinna framundan. Það getur verið erfitt að stýra mjög hraðri uppbyggingu og mikil þensla getur leitt til erfiðleika ef ekki er rétt á haldið. Hér er hins vegar allur grunnur til að horfa með bjartsýni til framtíðar. Ef samstaða næst og stefna og framtíðarsýn er ljós, á að vera hægt að skapa hér mjög samkeppnishæft samfélag á Austurlandi, sem laðar til sín fólk víða að, héðan innanlands sem erlendis frá - bæði til að starfa og búa á svæðinu, en ekki síður til að heimsækja áhugavert staði sem ferðamenn. Ég óska ykkur mikillar velfarnaðar í þessu uppbyggingarstarfi og vonast til að

eiga gott samstarf áfram við fyrirtæki og stofnanir hér – bæði á svið ferðamála,
en ekki síður á vettvangi Verslunarráðs Íslands og starfa þess hér á svæðinu.

Ég þakka áheyrnina !